


Staðfest aðalskipulag af Umhverfísráðherra 23. janúar 2001




Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna námu við Fjalljökulskvísl

Breyting á staðfestu aðalskipulagi

Breytingin felst í því, að sett er inn svæði fyrir efnistöku, vestan við Falljökulskvísl í landi Sandfells í Öræfum, um 2,0 km norð-austan þjóðvegur nr.1 fyrir allt að 50.000 m³. Flatarmál svæðisins er um 7.000 m² með um 5.600 m² vinnslugetu, eða um 33.000 m³. af fastri klöpp. Gert er ráð fyrir um 2,5 km. vegslóða að námunni eftir farvegi/aurum Falljökulskvíslar, með tengingu við þjóðveg, austan brúar hennar. Ástæða fyrir vali svæðisins er óskir Vegagerðarinnar, sem hefur lagt fram gögn með rökstuðningi um svæðið sem vænlegasta kostinn af þremur, en hinir tveir kostirnir eru annars vegar náma við Virkisá, sem nú mun nánast uppurin, og hins vegar náma í Rauðabergshrauni, í um 30 km. fjarlægð frá Skeiðará, en vegna grjótvarna garðakerfis vestan hennar, er efnistakan einkum hugsuð. Með aðalskipulagsbreytingunni fellur út náman „Virkisá/Fláajökull-(jökulöldur/farvegur/aurar),, sem sýnd er á gildandi aðalskipulagsupprætti.

Til að viðhalda núverandi samgöngukerfi þjóðvegarins í sveitarfélaginu verður að beisla síbreytilegan farveg jökuláa á þessum svæðum. Nauðsynlegt er því að vinna grjót til viðhalds og endurbóta á leiðigörðum jökulvatna og námur vegna þessa verða að vera innan skynsamlegra fjarlægðar framkvæmdasvæðis. Umrætt námusvæði er hugsað til að fullnægja þessari þörf fyrir austurhluta Skeiðarársands og nauðsynlegum leiðigörðum rétt austan hans við Skaftafellsá, Svínafellsá, Virkisá og Kotá. Framkvæmdin mun hafa sjónræn áhrif á umhverfi sitt. Til að lágmarka þau áhrif sem mest skal efnistöku og öðrum framkvæmdum við námu hagað þannig að ásýnd landsins spillist sem minnst og skapi þess heldur aukna möguleika fyrir ferðamenn til að nálgast og njóta einstæðrar náttúru þessa svæðis, ferðaþjónustunni til heilla.



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi 23.11.2006

Breyting á staðfestu aðalskipulagi felst í því að sett er inn svæði til efnistöku vestan við Falljökulskvísl, í landi Sandfells í Öræfum.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____

Bæjarstjórn Hornafjarðar tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við þessa breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

_____ Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfísráðherra þann _____